

Greinargerð með ársreikningi Bolungarvíkurkaupstaðar 2014 síðari umræða

Inngangur

Ársreikningur Bæjarsjóðs Bolungarvíkur er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga. Starfsemin skiptist í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu bæjarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjáfstæðar einingar.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 868 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 941 milljónum króna. Rekstrartekjur A hluta námu 745 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 739 milljónir króna.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 6,3 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir jákvæðri afkomu að fjárhæð 29,7 milljónum króna.

Rekstur A-hluta var jákvæður um 28,5 milljónir króna áður en tekið er tillit til 31,2 milljóna króna framlags A-hluta til að greiða niður taprekstur B-hluta fyrirtækja. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu að fjárhæð 72,3 milljónir króna. Rekstrarniðurstaða A-hluta að teknu tilliti til millifærslu frá A- til B hluta er neikvæð um 2,7 milljónir króna.

Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 308,6 milljónum króna , þar af nam eigið fé A hluta 396,4 milljónum króna um síðustu áramót.

Skuldaviðmið skv. 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga er 133% sem er nokkuð innan við það sem það má vera mest eða 150%.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu um 416 milljónum króna en heil stöðugildi voru 65.

Rekstur – frávik frá fjárhagsáætlun

00 Skatttekjur skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs reyndust 37 milljónum lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Munar þar mest um að útsvarið var um 5% lægra en áætlun gerði ráð fyrir þrátt fyrir að sama mat væri lagt til grundvallar og árið á undan. Munar á rauntölum og áætlun það ár var hinsvegar einungis 0,5%. Þetta hafði nokkur áhrif á afkomuna, en á móti kom að tekjur úr Jöfnunarsjóði voru 17 milljónum króna hærri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

02 Félagsþjónustan Stærstu framlögin sem tengjast þessum málaflokki eru til Byggðasamlags um málefni fatlaðra og til öldrunarmála. Einnig heyrir þjónusta við börn og unglinga og félagsleg aðstoð undir þennan málaflokk. Framlag sveitarfélagsins til málefna fatlaðra er fjármagnað með hluta af útsvarstekjum, þ.e. 1,24% af útsvarsstofni, en fjárhæðin rennur til Byggðasamlags Vestfjarða. Að hluta til fer fjárhæðin (0,99%) fyrst til Jöfnunarsjóðs og greiðist þaðan til Byggðasamlagsins, en hinn hlutinn (0,25%) greiðist fyrst til sveitarfélagsins og ratar svo þaðan til Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks sem útdeilir fjármunum samkvæmt ákveðnum reglum til sveitarfélaganna sem veita þjónustuna. Rekstrarniðurstaða málaflokksins er 84 milljónir króna nettó kostnaður, en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að 74 milljónir króna af skattfé færi til málaflokksins.

04 Fræðslumál Launakostnaður í grunnskóla og leikskóla var talsvert meiri á árinu 2014 en ráð var fyrir gert í fjárhagsáætlun. Stafar það af launahækkunum og talsvert meiri stuðningi við nemendur á báðum skólastigum en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Laun í grunnskóla eru þannig 13 milljónum króna yfir áætlun og laun í leikskóla eru 9 milljónum króna yfir áætlun. Annar rekstrarkostnaður var hinsvegar lægri og niðurstaðan var því að grunnskólinn fór 8,4 milljónir fram úr áætlun og leikskólinn 8,3 milljónir fram úr áætlun.

05 Menningarmál Undir menningarmál fellur m.a. rekstur safna í eigu Bolungarvíkurkaupstaðar og þátttaka í rekstri Byggðasafns Vestfjarða. Við uppgjör á rekstri Náttúrustofu Vestfjarða komu fram kröfur á Náttúrugripasafn Bolungarvíkur sem ekki höfðu komið fram áður, en voru gerðar upp á síðasta ári. Þá hafði framlag vegna Byggðasafns Vestfjarða ekki verið rétt innheimt og voru gerðar leiðréttingar á því allt til ársins 2012. Framlag til Byggðasafnsins var því 6,2 milljónum króna hærra en áætlun gerði ráð fyrir. Þá var framlag til Náttúrustofu Vestfjarða 2,3 milljónum króna hærra en áætlun gerði ráð fyrir.

06 Íþrótt og æskulýðsmál Kostnaður við íþrótt og æskulýðsmál er 7 milljónum króna yfir áætlun. Munar þar mest um að launakostnaður í íþróttamiðstöð er 4,6 milljónum króna yfir áætlun og kostnaður við vinnuskóla er 2 milljónum króna yfir áætlun.

07 Brunamál Launakostnaður við slökkvilið er 1 milljón króna yfir áætlun.

08 Hreinlætismál Rekstur málaflokksins var 1,5 milljónum króna undir áætlun

09 Skipulagsmál Kostnaður vegna skipulags og byggingarmála var 2,5 milljónum króna undir fjárhagsáætlun.

10 Umferðar og samgöngumál Kostnaður vegna umferðar og samgöngumála var u.þ.b. 1,7 milljónum króna undir áætlun. Snjómokstur var þó mun dýrari en áætlun gerði ráð fyrir og kostaði 21 milljón króna samanborið við 15,3 milljónir króna á áætlun. Þá var viðhald gatna 5,1 milljón krónum hærra en áætlun gerði ráð fyrir. Gatnagerðargjöld voru hinsvegar 14 milljónum króna yfir áætlun sem nægði til að rétta málaflokkinn af þannig að kostnaður varð undir áætlun.

11 Umhverfismál Málaflokkurinn var á áætlun.

13 Atvinnumál Kostnaðurinn við atvinnumál var 1,5 milljónum króna yfir áætlun, en sveitarfélagið tók þátt í átaksverkefni í samstarfi við Vinnumálastofnun.

20 Framlög til B-hluta fyrirtækja Vegna tapreksturs B-hlutafyrirtækja veitir A-hlutinn sérstakt rekstrarframlag til þeirra. Annars vegar er um að ræða framlag til Félagsheimilisins að fjárhæð 26,4 milljónir króna og hins vegar framlag til Vatnsveitu Bolungarvíkur að fjárhæð 4,8 milljónir króna eða samtals 31,2 milljónir króna. Þessi millifærsla hefur bein áhrif á á rekstrarafkomu A-hlutans og veldur því að A-hlutinn skilar 2,7 milljónum króna neikvæðri afkomu í stað þess vera með 28,5 milljónir króna jákvæða rekstrarafkomu. Millifærslan hefur engin áhrif á rekstrarafkomu samstæðu A og B hluta.

Sjóðstreymi – handbært fé og veltufé frá rekstri

Veltufé samstæðu A- og B-hluta frá rekstri var 74 milljónir króna eða 8,5% af veltu á árinu 2014.

Hafnarsjóður

Hagnaður af rekstri hafnarsjóðs var 15,6 milljónir króna á árinu 2014 en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 23 milljónum króna. Tekjur eru tæplega 4 milljónum króna undir áætlun og afskriftir reyndust 2 milljónum króna meiri en áætlun gerði ráð fyrir.

Vatnsveita

Vatnsveitan þurfti á 4,7 milljónum króna framlagi að halda frá aðalsjóði til að reksturinn væri í jafnvægi.

Fráveita

Fráveitan var rekin með 6,8 milljóna króna hagnaði, en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 7,3 milljóna króna hagnaði.

Félagslegar íbúðir

Halli var á rekstri félagslegra íbúða að fjárhæð 7,1 milljónir króna, en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 21,8 milljónum króna tapi. Húsaleigutekjur voru yfir 4 milljónum króna yfir áætlun, en vaxtagjöld voru 13,5 milljónum króna undir áætlun.

Félagsheimili Bolungarvíkur

Félagsheimilið var rekið með 31 milljón króna halla á árinu 2014. Leigutekjur lækkuðu frá árinu 2013 og voru 7,7 milljónum króna undir áætlun. Fjármagnskostnaður var hinsvegar 11,3 milljónum króna lægri en áætlun gerði ráð fyrir þannig að afkoman var 2,5 milljónum króna betri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

Fjárfestingar

Bolungarvíkurkaupstaður hefur á undanförunum árum varið miklum fjármunum í framkvæmdir og viðhald eigna. Fjárfest var fyrir 300 milljónir króna á árinu 2014. Stærstu

fjárfestingarnar tengjast auðvitað byggingu hjúkrunarheimilisins eða 149,5 milljónir króna. Þá var fjárfest í félagslega íbúðakerfinu fyrir 72 milljónir króna sem er fjárfesting sem tengist í raun hjúkrunarheimilinu þar sem reiknað er með að hjúkrunarheimilið kaupi í staðinn eignir af félagslega húsnæðiskerfinu. Reiknað er með að sú eignafærsla eða sala á milli félagslega húsnæðiskerfisins og hjúkrunarheimilis fari fram á þessu ári og komi þá fram í ársreikningi 2015.

Í Grunnskólanum voru endurnýjaðar þjár kennslustofur á efstu hæð eldri byggingarinnar fyrir u.þ.b. 8 milljónir króna. Þá voru endurnýjaðir gluggar og hurðir í norður og austurhlið sömu byggingar fyrir 9,3 milljónir króna. Sett var upp brunavarnarkerfi fyrir Grunnskólann fyrir 5,3 milljónir króna og keypt húsgögn o.fl. fyrir 1,5 milljónir króna. Lokið var við frágang á tengigangi á milli skóla og Íþróttamiðstöðvarinnar fyrir 3,4 milljónir króna. Settur var niður hreystivöllur á skólalóðinni fyrir u.þ.b. 6 milljónir króna. Heildarkostnaður var um 8,4 milljónir króna en framlög frá styrktaraðilum námu 2,5 milljónum króna. Völlurinn er þegar greiddur, en eftir á að skrúfa búnaðinn á undirstöður og verður það gert á næstu vikum.

Sett var parkett á sal Tónlistarskóla Bolungarvíkur auk fleiri framkvæmda, samtals að fjárhæð 3,7 milljónir króna.

Skipt var um glugga og hurðir í suðurhlið Íþróttamiðstöðvarinnar fyrir 4 milljónir króna.

Að lokum

Rekstrarniðurstaða samstæðu A og B hluta er jákvæð um 6 milljónir króna árið 2014. Eins og rakið er hér að framan eru tvær megin ástæður fyrir því að reksturinn skilar minni afgangi en áætlun gerði ráð fyrir. Annarsvegar er launakostnaður yfir áætlun, sérstaklega í fræðslumálum, en einnig eru tekjurnar minni en áætlunin gerði ráð fyrir. Fyrstu mánuðir þessa árs gefa til kynna að tekjurnar séu að vaxa aftur, en einnig liggur fyrir að launakostnaður er áfram að aukast. Þrátt fyrir miklar fjárfestingar á undanförunum árum er skuldaviðmið sveitarfélagsins 133% eða vel innan þeirra 150% marka sem sveitarstjórnarlög miða við. Framlegð samstæðunnar EBITDA er um 95 milljónir króna eða tæp 11%.

Ársreikningur Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árið 2014 er hér lagður fram til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Bolungarvík 13. maí 2015
Elías Jónatansson, bæjarstjóri